

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Listasafns Árnesinga.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð bann 18. ágúst 2020 stofnskrá Listasafns Árnesinga. Jafnframt fellur brott auglýsing sama efnis nr. 879/2015.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 18. ágúst 2020.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

#### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Listasafns Árnesinga.

1. gr.

*Heiti, starfssvið og starfssvæði.*

Safnið heitir Listasafn Árnesinga og starfssvæði þess er Árnesping.

2. gr.

*Rekstrarform, eigendur og staðsetning*

Listasafn Árnesinga er sjálfstæð stofnun í eigin húsnæði. Safnið er í eigu og umsjá Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem er byggðasamlag allra sveitarfélöganna í Árnessýslu, átta talsins. Héraðsnefnd felur þriggja manna stjórn safnsins meðferð málá þess.

Aðsetur Listasafns Árnesinga er í Hveragerði. Þar skulu vera varðveishtar sérstaklega þær listaverkagjafir sem Árnesingum hafa borist. Einnig varðveitir safnið listaverk sem keypt hafa verið til þess og þau listaverk sem því síðar kann að áskotnast með gjöfum eða kaupum.

3. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk Listasafns Árnesinga er í meginatriðum:

- Að gæta þeirra listaverka sem Árnesingum hafa verið sameiginlega gefin eða þeim síðar kann að áskotnast og skrá verkin á þann hátt sem safnaráð viðurkennir.
- Að sinna menningar- og fræðslustarfsemi með rannsóknum, fyrirlestrum, sýningum, leiðsögn og öðrum þeim hætti sem henta þykir hverju sinni og fé er veitt til með það að leiðarljósi að auka skilning á þróun og stöðu myndlistar og menningar.
- Að vera safn sem starfar í þágu almennings og ekki er rekið í hagnaðarskyni. Sýningarsalir safnsins eru opnir almenningi á auglýstum tíma og safnkostur er einnig aðgengilegur.

Að öðru leyti skal Listasafn Árnesinga starfa samkvæmt ákvæðum gildandi safnalaga og fylgia reglugerðum og reglum sem grundvallast á þeim lögum samhliða þeiri stefnu sem stjórn markar hverju sinni, sbr. 5. gr. Safnið og stjórnendur þess skulu einnig laga starfsemina siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

4. gr.

*Yfirlitstjórn.*

Héraðsnefnd Árnesinga bs. kýs þrjá fulltrúa til setu í stjórn Listasafns Árnesinga og jafnmarga til vara. Formaður stjórnar er kosinn af héraðsnefndinni og situr jafnframt í framkvæmdastjórn héraðsnefndar.

Héraðsnefnd Árnesinga setur stjórn erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starfs-hætti þess.

Stjórn Listasafns Árnesinga heldur fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar eru varaformaður og ritari valdir.

## 5. gr.

*Stjórn.*

Stjórn Listasafns Árnesinga starfar í umboði Héraðsnefndar Árnesinga bs. Hún hefur á hendi yfirstjórn listasafnsins og markar því stefnu sem skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Stjórnin fer með öll mál er snúa að rekstri safnsins.

Stjórnin semur og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlun og leggur hana fyrir fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. í síðasta lagi 1. október ár hvert. Stjórnin fylgist með fjárhag safnsins og ráðstöfun fjár. Fjármál safnsins eru að öðru leyti á ábyrgð safnstjóra sem annast daglegan rekstur þess.

Stjórnin skal senda héraðsnefnd ársskýrslu og endurskoða ársreikninga liðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

## 6. gr.

*Safnstjóri.*

Í samstarfi við framkvæmdastjórn héraðsnefndar, ræður stjórn safnstjóra til fimm ára í senn og ákveður starfssvið hans. Ráðningarkjör eru ákvörðuð af Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Safnstjóri Listasafns Árnesinga er starfsmaður stjórnarinnar og starfar eftir starflslýsingu safnstjóra. Hann undirbýr og situr fundi ráðsins og hefur þar málfreli og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á að samþykktum starfs- og rekstraráætlunum sé fylgt.

Safnstjóri skal hafa háskólamenntun, staðgöða þekkingu á starfsemi safna og stjórnunarreynslu.

## 7. gr.

*Tekjur.*

Fastar tekjur listasafnsins eru árlegt framlag Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Heimilt er að afla annarra tekna með gjöldum fyrir veitta þjónustu og aðgangi að sýningum safnsins. Enn fremur er heimilt að afla tekna frá styrktaraðilum. Arður af starfseminni skal renna til safnsins.

## 8.gr

*Gjafir.*

Listasafn Árnesinga má ekki taka við gjöfum sem fylgja kvaðir. Gjafabréf skal fylgja gjöf sem stjórnin samþykkir að veita viðtöku. Aldrei má selja gjöfina eða láta á annan hátt af hendri nema með samþykki stjórnar.

## 9. gr.

*Höfundalög.*

Meðferð verka í eigu safnsins skal lúta gildandi höfundalögum á hverjum tíma.

## 10. gr.

*Safnið lagt niður.*

Verði Listasafn Árnesinga lagt niður eða rekstrarformi þess breytt skal varðveita listaverkaeign þess með öruggum hætti í samráði við Héraðsnefnd Árnesinga bs., Listasafn Íslands sem höfuðsafns myndlistar og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

## 11. gr.

*Samþykkt og gildistími.*

Stofnskrá þessi er samþykkt af Héraðsnefnd Árnesinga bs. samkvæmt ákvæðum gildandi safnala og öðlast hún gildi með staðfestingu safnaráðs.